



32. fundur stjórnar LH 2024-2026
23. janúar 2025 kl. 16:00
Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Ólafur Þórisson, Sóley Margeirsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir

Mætt úr varastjórn: Ragnhildur Gísladóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Jón Þorberg Steindórsson

Forföll boðuui: Reynir Atli Jónsson, Hilmar Guðmannsson

Fjarverandi: Unnur Rún Sigurpálsdóttir

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir.

Einnig mætt: Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir formaður Öryggisnefndar

1. Samþykkt fundargerðar
2. Reiðskóli fatlaðara – *Frestað til næsta fundar.*
3. Mönnun menntanefndar
Lagt er til að Friðdóra Friðriksdóttir taki sæti í nefndinni.
Afgreiðsla: Samþykkt.
4. Reikningar LH 2025 – bráðabirgðauppgjör
Gjaldkeri fór yfir stöðu reikninga LH og kynnti bráðabirgðauppgjör.

Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir kemur inn á fund

5. Öryggisnefnd LH
Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir Formaður Öryggisnefndar LH kemur inn á fund til að ræða helstu málefni sem þar eru á dagskrá.

Starf Öryggisnefndar hefur þróast og breyst. Mikið er haft samband við formann nefndarinnar varðandi atvik sem koma upp og varðandi viðbragðsáætlun í mótahaldi sem var sett í reglur LH á síðasta Landsþingi. Gera þarf gangskör í viðbrögðum sjúkraflutningsfólks á slysstað og viðbrögðum heilbrigðisstofnana við hestaslysum, flokkun og skráning, osfrv. Í farvatninu er að gera öryggismyndband í samstarfi með Neyðarlínunni um öryggisviðbrögð í hestferðum, en engar leiðbeiningar eru til hjá Neyðarlínu um hestaslys. Fall af hestbaki utan alfaraleiðar á sjálfkrafa að vera þyrlluútkall. Formaður nefndarinnar leggur stefnir á að fara í hringferð um landið og funda með lögreglustjórum og heilbrigðisstofnunum um fyrstu viðbrögð og utanspítalajónustu. Erfiðlega hefur gengið að fjármagna öryggismyndböndin en þau sem eru til hafa fengið mikið áhorf á vefmiðlum LH.

Mannabreytingar hafa átt sér stað í nefndinni, Tinna Dögg Kjartansdóttir og Kristján Eldjárn Þorgeirsson hafa vikið úr nefndinni. Samþykkt að leita til hestamannafélaga á Norðurlandi með tillögur að nýju nefndafólki.

Afgreiðsla: Samþykkt að nefndin sendi beiðni til LH um styrk til að fara fundarferð um landið og fyrir fjármögnun næstu öryggismyndbanda.

JBM vikur af fundi.



6. Stefnumótun – næstu verkefni LH

Farið yfir samantekt um stefnumótunarvinnu frá formannafundi.

Afgreiðsla: Formanni og framkvæmdastjóra falið að fullvinna lokaniðurstöður til samþykktar á næsta fundi.

7. Skrifstofan, starfsmenn og fjármálin – framhaldsumræða frá fundi 5. nóv og 12. des

Afreksmálin eru mjög tímafrek hjá starfsmönnum LH. Rætt um að á álagstímum þurfi auka mannafla á skrifstofunni til að sinna hinum almenna félagsmanni. Umræða skapaðist um að nú þegar ráðning landsliðsþjálfara og kynning á A og U21 landsliðshópum er lokið að þá verði metið hvernig og í hvaða verkefni dagurinn fer.

Afgreiðsla: Samþykkt að í starfsemi á skrifstofunni verði meiri áhersla lögð á að sinna verkefnum tengdum hinum almenna reiðmanni. Samþykkt að taka stöðuna í lok mars hvort auka þurfi starfshlutfall á skrifstofu.

8. Eftirlitsdómari á LM - umræða

Rætt um hlutverk eftirlitsdómara. Lagt til að skipaður verði starfshópur til að endurskoða reglugerð frá 2024 um eftirlitsdómara á stórmótum.

Afgreiðsla: Ólafi Þórisssyni, Jóni Þorberg og Hinriki starfsmanni á skrifstofu falið að skipa starfshóp sem hefur það hlutverk að endurskoða reglugerðina og skilgreina hvað við viljum fá út úr starfi eftirlitsdómara.

9. Erindi frá Oddrúnu Ýr Sigurðardóttur gæðingadómara

Oddrún Ýr Sigurðardóttir gæðingadómari sótti um að dæma Landsmót 2026 og sóttist sérstaklega eftir yfirdómarastarfi. GDLH tilnefndi dómarahóp og yfirdómara til dómaranefndar LH og var Oddrún ekki tilnefnd sem yfirdómari. Með erindi sínu til LH óskar Oddrún eftir skýringum á því hvað hafi orðið til þess að hún komi ekki til greina sem yfirdómari á Landsmóti og hvort það tengist atviki sem upp kom á Fjórðungsmóti 2025 varðandi skráningar á mótið.

Drög að svarbréfi til Oddrúnar eru lögð fyrir fundinn. Í bréfinu er henni gerð grein fyrir að það sé ekki hlutverk stjórnar LH að fjalla um úthlutun dómara á mót, enda sé það ábyrgð

Dómaranefndar LH og stjórn LH hafi því ekki gert athugasemdir við ákvarðanir dómaranefndar um skipun dómara á Landsmót.

Stjórn LH vill einnig árétta að málið sem laut að skráningum á Fjórðungsmóti Vesturlands 2025 var ekki tekið til efnislegrar úrlausnar hjá úrskurðar- og aganefnd LH. Málinu var vísað frá á þeim grundvelli að kærufrestur var liðinn og því liggur engin efnisleg niðurstaða fyrir í málinu um brot á lögum eða reglum LH.

Afgreiðsla: Samþykkt að senda Oddrúnu svarbréf.

10. Önnur mál.

a. *HOI staða*

Verkefnastjórn HOI býður enn eftir að fá fund með ráðherra.



- b. Klippingar á myndböndum af LM 2022 og 2024 er enn í vinnslu. Ítrekun til stjórnar LM ehf. að klára að færa inn myndefni LM inn á WF með vísun í þingskjal 26 samþykkt af Landsþingi LH 2024.
- c. Ef þörf er á auknu fjármagni til frágangs á þessu verkefni þarf LM að leggja það til og finna til verksins aðila til að klára innfærslu efnisins og greiða fyrir það
- d. Streymisveitan Alendis hefur upptökur í fórum sínum frá fjölda móta sem var sent út á þeirra veitum sl. ár. Klára þarf að fá þetta efni formlega afhent. Framkvæmdastjóra falið að ýta eftir því.
- e. Á landsþingi 2024 var samþykkt að skipa starfshóp sem hefði það hlutverk að skilgreina hugtakið gæðingur. Samþykkt að Örn Karlsson verði beðinn um að taka sæti í starfshópnum. Jóni Þorberg falið að hafa samband við ÖK.

Fundi slitið kl. 18:30